

Erindi íbúa í hverfinu dags. 12. október 2022 með spurningum um smáhýsi í Laugardal.

Sæl Rannveig

Í samtali okkar á íbúaráðsfundi þann 10. október sl. kom fram að u.þ.b. 30 manns, ýmist íbúar, fyrirtæki, íþróttafélög og aðrir hagsmunaaðilar höfðu lagt fram spurningar á fundi íbúaráðs nr 5, 9. mars 2020 sem íbúaráðið hafi tekið að sér að afla upplýsinga um og að hafa milligöngu um að fá kynningarfund um framkvæmdina og á verkefninu.

Flestir höfðu athugasemdir við staðsetninguna á Smáhýsinum í Laugardal en eftir lélega kynningu frá Vorteyminu þá bættust við enn fleiri spurningar sem snérust um verkefnið sjálft því mjög skýrt var að verkefnið væri falleg hugsjón en illa unnið

Þessum spurningum hefur enn ekki verið svarað og sumar voru sendar inn á fund Borgarstjóra í Laugarnesskóla og þeim hefur heldur ekki verið svarað

98 umsagnir bárust um breytinguna á deiliskipulaginu í Laugardal (í tveimur lotum) og var ein jákvæð

99% voru því á móti að byggt yrði í Laugardalnum en engar athugasemdir bárust við byggingu smáhýsanna í Guðrúnartúni (105) og Köllunarklettsvegi (104)

Samt er farið í þessa framkvæmd, án samráðs við íbúa, fyrirtækja, íþróttafélaga og hagsmunaaðila á svæðinu

Þær spurningar sem óskað var eftir svörum voru m.a. eftirfarandi:

Framkvæmdin:

Hvað er átt við tímabundið? Engin tímamörk, lokadagsetning er skilgreind og því telst verkefnið tæplega tímabundið. Er þetta tímabundið fyrir einstaklingana eða svæðið ?

Byggingarleyfi – varla telst byggingarleyfisskyld framkvæmd tímabundin? Grafa þarf fyrir lögnum og tengingum þar sem svæðið er borgargarður en ekki íbúabyggð og því kostnaðurinn verulegur sé hann borin saman við aðra staðsetningar

Eru kvaðir sem fylgja á afhendingu lóðarinnar – mun hún verða afhent aftur til baka sem borgargarður eða er hætta á að hún verði seld til einkaaðila ?

Margir lýstu áhyggjum yfir þessari spurning því margir hafa augastaður á reitnum fyrir opinbera byggingu, svo sem frjálsíþróttasvæði, íþróttahús fyrir Langholts- og Vogaskóla, frístundarheimili, bókasafn ofl. og vildu fá umræðu um málið í stærra samhengi

Umhverfisáhrif og áhættumat – er búið að greina þau, td. vegna nærumhverfi barna- og unglingastarfs

Verkefnið:

Hvaða úrræði / Þjónusta standa íbúum smáhýsanna til boða ?

Hvernig er valið í húsin? (eftir umræðu um hversu veikir einstaklingarnir verða sem munu búa þarna)

Hvernig verður öryggismálum háttað ? (spurning spurð eftir að sagt yrði að Frú Ragnheiður og íbúar í hverfinu / starfsmenn í fyrirtækjum í kring myndu sinna eftirliti og öryggisgæslu)

Áhrif verkefnisins á félagslega þætti barna sökum nálægðar við skóla-, íþrótt- og tómstundarstarf (tilgreint var sérstaklega að um 650 börn fara þarna framhjá daglega og að börn væru óútreiknanleg)

Hvað er stofnkostnaðurinn við þessi hús? (gefnar upp 200 milljónir yfir 5 ára tímabil fyrir 20 hús sem fundargestum þótti heldur óraunhæf tala)

Hver er áætlaður rekstrarkostnaður á þessu verkefni (gefnar upp 0 kr yfir 5 ára tímabil)

Þessi svör þurfa að liggja fyrir svo að verkefnið standist kröfur um meðferð opinberra fjármuna skv. sveitastjórnarlögum

Kveðja

Katrín Þóra Jónsdóttir